

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúar – febrúar 2015 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri versnaði verulega á milli ára og var neikvætt um tæpa 48,2 ma.kr. samanborið við jákvætt handbært fé upp á 5,3 ma.kr. 2014. Þetta skýrist að stærstum hluta með útgreiðslum vegna leiðréttingar verðtryggðra húsnæðislána sem gjaldfærðar voru í lok árs 2014 en komu til greiðslu í janúar. Innheimtar tekjur lækkuðu um rúma 3 ma.kr. milli ára en greidd gjöld jukust um 14,8 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar–febrúar 2015 (m.kr.)

	2013	2014	2015
Innheimtar tekjur	97.088	104.755	101.722
Greidd gjöld	92.889	98.941	113.782
Tekjujöfnuður	4.199	5.814	-12.060
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	1.813	-535	-36.112
Handbært fé frá rekstri	6.012	5.279	-48.172
Fjárfestingahreyfingar	-7.007	-4.508	-3.583
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-995	771	-51.755
Afborganir lána	-964	-2.446	-4.590
Innanlands	-964	-2.446	-4.590
Erlendis	0	0	0
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-1.959	-1.675	-56.345
Lántökur	9.788	9.919	19.768
Innanlands	9.788	9.919	19.768
Erlendis	0	0	0
Breyting á handbæru fé	7.829	8.244	-36.577

Innheimtar tekjur ríkissjóðs fyrstu tvo mánuði ársins 2015 námu 101,7 ma.kr. sem er 2,9% samdráttur frá fyrra ári og 2,3 ma.kr. eða 2,3% undir tekjuáætlun fjárlaga. Samdrátturinn skýrist fyrst og fremst af óreglulegum liðum, svo sem eftirstöðvum frá fyrri árum og vaxtatekjum af skattskuldum, en einnig segir til sín brottfall auðlegðarskatts og almennra vörgjalda um sl. áramót. Skatttekjur og tryggingagjöld drógust saman um 1,2% á milli ára og námu 97,0 ma.kr. sem er 1,3 ma.kr. eða 1,3% undir áætlun. Hér á eftir verður þessi þróun og skýringar hennar skoðaðar nánar.

Skattar á tekjur og hagnað drógust saman um 5,3% frá því í fyrra og námu samtals 40,0 ma.kr. Sé sá hluti innheimtunnar sem rekja má til eftirstöðva frá fyrri árum undanskilinn, má áætla að tekjur af þessum liðum séu áþekkar og í fyrra eða rúmir 40 ma.kr. Tekjuskattur einstaklinga nam 21,2 ma.kr. sem er 7,1% undir áætlun og samdráttur upp á 5,5% á milli ára. Sé einungis litið til staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars í janúar og febrúar þá jókst hún um 5,8% á milli ára. Séu skil á útsvari til sveitarfélaga og fleiri liðir teknir með, en eftirstöðvar vegna fyrri ára þó undanskildar, þá jukust tekjur af tekjuskatti einstaklinga um 5,2%. Tekjuskattur lögaðila dróst saman um tæpt 1% á milli ára, nam 5,5 ma.kr. og var 13,9% yfir áætlun.

Tekjur af fjármagnstekjuskatti námu 13,2 ma.kr. á tímabilinu sem er 0,4 ma.kr. undir áætlun fjárlaga og samdráttur upp á 6,7% frá því í fyrra. Sá hluti sem lagður er á fjármagnstekjur ríkissjóðs sjálfs skýrir samdráttinn milli ára. Þegar hann er undanskilinn nemur samdrátturinn aðeins 0,5% og frávik frá áætlun



reynist +4,6%. Sá hluti sem er lagður á aðra en ríkissjóð, leiðréttur fyrir eftirstöðvum, dróst saman um 2% milli ára.

Reynslan hefur sýnt að frávik frá áætlun fjárlaga eru yfirleitt mest í upphafi árs en fara dvínandi þegar á líður. Frávik frá áætlun í heildartölum um skatta og aðrar tekjur verður orðið talsvert marktækara en nú þegar fjórðungur eða þriðjungur ársins liggur fyrir og ber að hafa það í huga.

Tekjur ríkissjóðs janúar - febrúar 2013–2015

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
Skatttekjur og tryggingagjöld	89.145	98.153	96.994	3,2	10,1	-1,2
Skattar á tekjur og hagnað	36.132	42.208	39.983	4,4	16,8	-5,3
Tekjuskattur einstaklinga	19.711	22.448	21.210	5,1	13,9	-5,5
Tekjuskattur lögaðila	3.452	5.576	5.534	-27,0	61,5	-0,8
Skattur á fjármagnstekjur	12.969	14.183	13.239	16,4	9,4	-6,7
Eignarskattar	1.701	1.485	1.294	-36,0	-12,7	-12,9
Skattar á vöru og þjónustu	38.017	40.308	41.491	5,0	6,0	2,9
Virðisaukaskattur	25.105	27.261	28.718	3,2	8,6	5,3
Vörugjöld af ökutækjum	585	627	766	-4,8	7,2	22,2
Vörugjöld af bensíni	1.750	1.748	1.846	0,8	-0,1	5,6
Skattar á olíu	1.009	1.067	1.088	3,0	5,7	2,0
Áfengisgjald og tóbaksgjald	2.543	2.609	2.781	6,8	2,6	6,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	7.025	6.997	6.292	13,9	-0,4	-10,1
Tollar og aðflutningsgjöld	1.064	1.002	808	-12,0	-5,8	-19,4
Aðrir skattar	1.304	1.391	1.496	86,3	6,7	7,5
Tryggingagjöld	10.927	11.759	11.921	-0,1	7,6	1,4
Fjárframlög	27	28	58	5,0	3,4	106,8
Aðrar tekjur	7.901	6.510	4.671	59,3	-17,6	-28,3
Sala eigna	15	64	-	-	-	-
Tekjur alls	97.088	104.755	101.722	6,3	7,9	-2,9

Innheimtar tekjur af eignarsköttum námu 1,3 ma.kr. sem er samdráttur upp á 12,9% á milli ára en 0,4 ma.kr. yfir áætlun. Samdrátturinn skýrist af brottfalli auðlegðarskatts, en hann var lagður á í síðasta skipti í júlí í fyrra. Tekjur af stimpilgjöldum drógust saman um 2,3% á milli ára og námu 0,5 ma.kr. sem er 4,8% undir áætlun. Tekjur af erfðafjárskatti námu 0,4 ma.kr. á tímabilinu sem er um þriðjungi meira en í fyrra, en sveiflur milli mánaða eru nokkuð miklar í erfðafjárskatti.

Skattar á vöru og þjónustu námu samtals 41,5 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins sem er 2,9% meira en á sama tímabili í fyrra og 0,2 ma.kr. eða 0,5% yfir áætlun fjárlaga þessa árs. Í þessum flokki skatta vegur virðisaukaskattur mest en innheimta hans nam 28,7 ma.kr. á tímabilinu sem er 0,3 ma.kr. eða 1% undir áætlun og 5,3% aukning frá fyrra ári. Enn er að mestu leyti um innheimtu vegna veltu ársins 2014 að ræða. Áhrifa kerfisbreytingarinnar um sl. áramót, þegar bilið á milli skattþrepa virðisaukaskattsins var þrengt frá báðum áttum, mun fyrst gæta verulega í tölum aprílmánaðar.

Vörugjöld af ökutækjum námu 0,8 ma.kr. sem er 9% yfir áætlun og aukning um 22,2% á milli ára. Vörugjöld af bensíni jukust um 5,6% á milli ára og námu 1,8 ma.kr. sem er 5,4% yfir áætlun. Innheimta olíugjalds er á áætlun og nam 1,1 ma.kr. sem er aukning um 2% á milli ára. Kolefnisgjaldið nam 0,5 ma.kr. sem er 5,1% undir áætlun og aukning um 5,8% á milli ára. Framantalin vörugjöld eru ágætt dæmi um stóra tekjulíði sem geta verið talsvert breytilegir frá einum mánuði til annars, í takt við innflutning eldsneytis auk árstíðarsveiflu eftirspurnar, og frávik frá áætlun fyrir tímabilið það sem af er árinu eru því meiri nú en vænta



má þegar lengra kemur fram á árið.

Áfengisgjaldið skilaði 1,8 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. yfir áætlun og aukning um 12,8% frá fyrra ári. Tóbaksgjaldið nam tæplega 1 ma.kr. sem er 3,9% undir áætlun og samdráttur upp á 3,4% frá því í fyrra. Sala áfengis (mælt í vínanda allra tegunda samanlagt) tímabilið janúar-febrúar jókst um 2,7% á milli ára en tóbakssala dróst saman um 1,8%. Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum drógust saman um 19,4% á milli ára og námu 0,8 ma.kr. sem er 0,1 ma.kr. undir áætlun.

Tekjur af tryggingargjöldum í janúar-febrúar jukust um 1,4% á milli ára og námu 11,9 ma.kr. sem er 3,7% minna en gert hafði verið ráð fyrir. Þar af nam almennt tryggingagjald 8,4 ma.kr. og atvinnuþryggingagjald 2,4 ma.kr. Eins og í tilviki tekjuskatta er framlag eftirstöðvahluta innheimtunnar neikvætt, og sé hann undanskilinn reynast tekjur af tryggingagjaldi hafa aukist um 5,1% á milli ára.

Aðrir skattar námu 1,5 ma.kr. sem er á áætlun og aukning um 7,5% á milli ára. Þar af námu skattar á launagreiðslur og vinnuafli 1,1 ma.kr. Fjársýsluskattur, sem lagður er á laun í fjármálageiranum, er þó 0,1 ma.kr. undir áætlun fjárlaga en hann nam 0,5 ma.kr. sem felur í sér samdrátt upp á 16,4% frá því í fyrra.

Aðrar tekjur en skatttekjur námu 4,7 ma.kr. sem er 0,8 ma.kr. undir áætlun og 1,9 ma.kr. minna en á sama tíma í fyrra. Tekjur af bæði vöxtum og arði eiga hér hlut að máli, svo og veiðigjald og fjárframlög. Einn liður vaxtatekna, þ.e. vegna vangoldinna skatta, sem er talsvert breytilegur, dróst saman um 1,5 ma.kr. miðað við sama tímabil í fyrra. Sá liður einn og sér skýrir því helming samdráttar heildartekna milli ára. Of snemmt er að draga ályktanir af fráviki fyrstu tveggja mánaða ársins um væntanlegt frávik ársins í heild frá áætlun. Frávikið gefur þó tilefni til að skoða dreifingu fjárlagaáætlunarinnar innan ársins.

Greidd gjöld námu 113,8 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 14,8 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 15% sem var í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar-febrúar 2013–2015

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
Fjármagnskostnaður	13.944	16.191	19.528	3,8	16,1	20,6
Almenn opinber þjónusta	8.054	8.697	8.365	15,4	8,0	-3,8
Almannatryggingar og velferðarmál	20.930	21.514	22.276	15,6	2,8	3,5
Heilbrigðismál	19.865	21.638	23.640	6,5	8,9	9,3
Efnahags- og atvinnumál	7.711	8.743	8.753	-1,4	13,4	0,1
Menntamál	12.604	12.623	12.489	5,8	0,1	-1,1
Menningar, íþróttar og trúmál	3.270	3.200	3.411	6,0	-2,2	6,6
Lög- og réttargæsla	3.609	3.509	3.418	9,3	-2,8	-2,6
Önnur útgjöld	2.902	2.827	11.901	18,1	-2,6	321,0
Gjöld alls	92.889	98.941	113.782	8,3	6,5	15,0

Þróun málaflokkanna er rakin frekar í greiningu á frávikum hvers málaflokks. Þegar fjallað er um áætlun hér að neðan er átt við fjárlög og fjárlög að viðbættum fluttum fjárheimildum frá fyrra ári.

Útgjöld einstakra málaflokka – frávik milli ára janúar–febrúar 2014–2015

	2015	2014	% breyt.
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	667	613	8,9
Fjármálastjórnarsýsla ríkisins	1.758	1.625	8,2
Utanríkismál	1.623	2.117	-23,3



Önnur almenn opinber þjónusta	1.438	1.636	-12,1
Fjármagnskostnaður	19.528	16.191	20,6
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	2.879	2.707	6,4
Almenn opinber þjónusta	27.893	24.887	12,1
Lög- og réttargæsla	3.418	3.509	-2,6
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	1.104	1.104	0,0
Landbúnaðarmál	2.188	2.363	-7,4
Samgöngumál	3.483	3.133	11,2
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	793	1.017	-22,1
Önnur efnahags- og atvinnumál	1.186	1.126	5,3
Efnahags- og atvinnumál	8.753	8.743	0,1
Lyf og lækningavörur	2.981	3.080	-3,2
Heilsugæsla	4.820	4.247	13,5
Sjúkrahúsþjónusta	10.437	9.315	12,1
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	4.685	4.338	8,0
Heilbrigðiseftirlit og stjórnsýsla	716	658	9,0
Heilbrigðismál	23.640	21.638	9,3
Menningarmál	1.488	1.350	10,2
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	1.923	1.850	4,0
Menningar- og félagsmál	3.411	3.200	6,6
Framhaldsskólastig	3.502	3.392	3,2
Háskólastig	8.407	8.374	0,4
Önnur menntamál	579	857	-32,4
Menntamál	12.489	12.623	-1,1
Örorka og fötlun	5.709	5.422	5,3
Öldrun	8.144	7.648	6,5
Fjölskyldur og börn	4.779	4.493	6,4
Atvinnuleysi	2.279	2.670	-14,6
Vaxtabætur	124	72	70,6
Önnur trygginga- og velferðarmál	1.241	1.209	2,7
Almannatryggingar og velferðarmál	22.276	21.514	3,5
Lífeyrisskildbindingar, eftirlaun	1.949	1.670	16,7
Fjármagnstekjuskattur	164	143	14,9
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	8.881	0	-
Annað	907	1.014	-10,5
Önnur útgjöld	11.901	2.827	321,0
Gjöld alls	113.782	98.941	15,0

Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um 2,6 ma.kr. milli ára og námu 27,9 ma.kr. Vaxtagjöld ríkissjóðs skýra stærstan hluta af þessari upphæð en þau námu 19,5 ma.kr. og jukust um 3,3 ma.kr. milli ára. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 2,9 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára sem var í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld vegna utanríkismála námu 1,6 ma.kr. og drógust saman á milli ára. Þá námu útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu um 3,9 ma.kr. og voru svipuð og á síðasta ári.



Útgjöld til lög- og réttargæslu námu um 3,4 ma.kr. og drógust lítillega saman á milli ára. Stærstu útgjaldabættirnir eru útgjöld lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 589 m.kr. á tímabilinu og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu 611 m.kr. Þá námu útgjöld ríkislögreglustjóra 374 m.kr. og annarra lögregluembætta 574 m.kr. á tímabilinu. Útgjöld héraðsdómstóla námu 253 m.kr., útgjöld Fangelsismálastofnunar 248 m.kr og útgjöld sérstaks saksóknara 105 m.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála námu 8,8 ma.kr. á tímabilinu og voru svipuð og á fyrra ári. Stærstu útgjaldaliðir þessa flokks eru útgjöld vegna samgöngumála sem námu 3,5 ma.kr. sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári en útgjöld Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 2,2 ma.kr. og dragast saman á milli ára en greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu skýra þessi útgjöld að stærstu leyti. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 1,1 ma.kr., útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum 793 m.kr. og útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 1,2 ma.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 23,6 ma.kr. og jukust um rúma 2 ma.kr. milli ára. sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu tæpum 3 ma.kr. sem er svipað og á fyrra ári. Útgjöld vegna heilsugæslu námu 4,8 ma.kr. samanborið við 4,2 ma.kr. á sama tímabili 2014. Af þeim útgjöldum námu greiðslur Sjúkratrygginga vegna heilsugæsluþjónustu 2,3 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu 849 m.kr. Útgjöld vegna sjúkrahússþjónustu námu 10,4 ma.kr. samanborið við 9,3 ma.kr. 2014 sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Langstærstur hluti þessara útgjalda skýrist með útgjöldum Landspítala sem námu 8,2 ma.kr. en útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri námu 856 m.kr. og annarra heilbrigðisstofnana rúmum 1 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu 4,7 ma.kr. og jukust um rúmar 300 m.kr. milli ára. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnsýslu 716 m.kr. á tímabilinu.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu um 3,4 ma.kr. á tímabilinu og voru svipuð og á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála skýra 1,5 ma.kr. og aukast lítillega milli ára. Útgjöld vegna íþróttar, fjölmiðlunar, félags- og trúmála námu 1,9 ma.kr. þar sem helstu útgjaldabættir eru Ríkisútvarpið 608 m.kr. og útgjöld vegna kirkju- og sóknamála samtals 927 m.kr. Útgjöld til menntamála námu 12,5 ma.kr. á tímabilinu og drógust lítillega saman milli ára. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 3,5 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári. Útgjöld vegna háskólastigs námu 8,4 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári en minni en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Háskóla Íslands námu rúmum 1,8 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna 5,5 ma.kr.

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu 22,3 ma.kr. á tímabilinu janúar - febrúar og jukust lítillega milli ára en minna en gert hafði verið ráð fyrir. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu 5,7 ma.kr. þar sem mest munar um hlutdeild lífeyristrygginga í þessum málaflokki. Útgjöld vegna öldrunarmála námu 8,1 ma.kr. og aftur skýrir hlutdeild lífeyristrygginga stærstan hluta ásamt bótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Útgjöld vegna fjölskyldu- og barnamála námu 4,8 ma.kr. þar sem barnabætur og útgjöld vegna Fæðingaorlofs skýra stærstan hluta útgjalda. Útgjöld vegna atvinnuleysis námu 2,3 ma.kr. samanborið við 2,7 ma.kr. í fyrra.



Önnur útgjöld námu 11,9 ma.kr. á tímabilinu samanborið við 2,8 ma.kr. á fyrra ári. Þessi aukning milli ára skýrist að stærstum hluta með niðurfærslu verðtryggðra húsnæðislána en greiðslur tímabilsins námu 8,9 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga og eftirlauna rúmum 1,9 ma.kr.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður ársins var neikvæður um 51,8 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 54,9 ma.kr.

Afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs námu 4,6 ma.kr. en engar erlendar afborganir voru á gjalddaga.

Lántökur á tímabilinu námu alls 23,7 en staða ríkisvíxla lækkaði um 4,1 ma.kr. Þannig að nettó lántaka nam alls 19,8 ma.kr.